

**Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 23-192. fundur
haldinn að Laugarvatni, miðvikudaginn 4. október 2023
og hófst hann kl. 09:00**

Fundinn sátu:

Davíð Sigurðsson byggingarfulltrúi, Stefán Short aðstoðarmaður byggingarfulltrúa, Lilja Ómarsdóttir aðstoðarmaður byggingarfulltrúa og Guðmundur G. Þórisson áheyrnarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Davíð Sigurðsson, byggingarfulltrúi

Dagskrá:

Hrunamannahreppur - Almenn mál

1. Kaldbakur (L166790); byggingarheimild; viðbygging sólskáli og baðhús - 2307027

Fyrir liggur umsókn Friðriks Friðrikssonar fyrir hönd Ævars Guðmundssonar, móttækin 07.07.2023 um byggingarheimild að byggja 32 m² sólskála við íbúðarhús og 16,8 m² baðhús, ásamt endurnýja glugga á svefnherbergjum og klæðningu á húsi á jörðinni Kaldbakur (L166790) í Hrunamannahrepp. Íbúðarhús eftir stækkun verður 193,7 m².

Byggingin fellur undir umfangsflokk 1 skv. gr. 1.3.2 í byggingarreglugerð. Byggingaráformin samrýmast gildandi skipulagsáætlun og eru samþykkt. Byggingarheimild verður veitt þegar eftirfarandi skilyrði skv. byggingarreglugerð gr.2.3.8 eru uppfyllt:

- Undirritaðir aðaluppdrættir þurfa að vera staðfestir og áritaðir hjá leyfisveitanda.
- Byggingarstjóri þarf að staðfesta ábyrgð sína og afhenda staðfestingu á starfsábyrgðartryggingu fyrir framkvæmdinni.
- Leyfisgjöld þurfa að vera greidd.

2. Ásastígur 5 (L166937); byggingarheimild; aðstöðuhús - 2308092

Erindi sett að nýju fyrir fund. Fyrir liggur umsókn Sigurðar U. Sigurðssonar fyrir hönd Kolbrúnar K. Daníelsdóttur, móttækin 28.08.2023 um byggingarheimild fyrir aðstöðuhúsi 59 m² að grunnfleti með rislofti á íbúðarhúsalóðinni Ásastígur 5 (L166937) í Hrunamannahrepp.

Byggingin fellur undir umfangsflokk 1 skv. gr. 1.3.2 í byggingarreglugerð. Byggingaráformin samrýmast gildandi skipulagsáætlun og eru samþykkt. Byggingarheimild verður veitt þegar eftirfarandi skilyrði skv. byggingarreglugerð gr.2.3.8 eru uppfyllt:

- Undirritaðir aðaluppdrættir þurfa að vera staðfestir og áritaðir hjá leyfisveitanda.
- Byggingarstjóri þarf að staðfesta ábyrgð sína og afhenda staðfestingu á starfsábyrgðartryggingu fyrir framkvæmdinni.
- Leyfisgjöld þurfa að vera greidd.

3. Vesturbrún 1 (L166741); byggingarleyfi; þjónustuhús - viðbygging mhl 05 og hótél - viðbygging á tveimur hæðum mhl 06 - 2309097

Móttækin er umsókn 26.09.2023 um byggingarleyfi, fyrir 61 m² viðbyggingu við þjónustuhús mhl 5 og 36 herbergja gistiálmum 1.180,6 m² við hótél á tveimur hæðum mhl 06 á viðskipta- og þjónustulóðinni Vesturbrún 1 (L166741) í Hrunamannahrepp.

Afgreiðslu máls er frestað. Athugasemdir hafa verið sendar á hönnuð.

Grímsnes- og Grafningshreppur - Almenn mál

4. Tjarnholtsmýri 15 (L201051); byggingarleyfi; sumarbústaður - breyta notkun í íbúðarhús auk stækkunar og byggja vinnustofu og geymslu - 2304017

Fyrir liggur umsókn Þorgeirs Þorgeirssonar fyrir hönd Huldu K. Jóhannesdóttur, móttækin 12.04.2023 um byggingarleyfi að breyta notkun á 89,4 m² sumarbústaði í íbúðarhús og byggja 23,9 m² viðbyggingu auk þess að byggja 17,3 m² vinnustofu og 14,7 m² geymslu á íbúðarhúsalóðinni Tjarnholtsmýri 15 (L201051) í Grímsnes- og Grafningshreppi. Heildarstærð á íbúðarhúsi eftir stækkun verður 113,3 m².

Byggingaráformin samrýmast gildandi skipulagsáætlun og eru samþykkt.

5. Grímkelsstaðir lóð 26 (L193704); byggingarheimild; sumarbústaður - viðbygging - 2308055

Erindi fer að nýju fyrir fund, grenndarkynningu er lokið. Fyrir liggur umsókn Vigfúsar Halldórssonar fyrir hönd Halldóru Jónsdóttur, móttækin 14.08.2023 um 15,5 m² viðbyggingu við sumarbústað á sumarbústaðalandinu Grímkelsstaðir lóð 26 (L193704) í Grímsnes- og Grafningshreppi. Heildarstærð á sumarbústaði eftir stækkun verður 87,5 m².

Byggingin fellur undir umfangsflokk 1 skv. gr. 1.3.2 í byggingarreglugerð.

Byggingaráformin samrýmast gildandi skipulagsáætlun og eru samþykkt.

Byggingarheimild verður veitt þegar eftirfarandi skilyrði skv. byggingarreglugerð gr.2.3.8 eru uppfyllt:

- Undirritaðir aðaluppdrættir þurfa að vera staðfestir og áritaðir hjá leyfisveitanda.

- Byggingarstjóri þarf að staðfesta ábyrgð sína og afhenda staðfestingu á starfsábyrgðartryggingu fyrir framkvæmdinni.

- Leyfisgjöld þurfa að vera greidd.

6. Hestur lóð 7a (L196063); byggingarheimild; geymsla - 2309047

Móttækin er umsókn 07.09.2023 um byggingarheimild fyrir 25,9 m² geymslu á sumarbústaðalandinu Hestur lóð 7a (L196063) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Umsókn um byggingarleyfi er synjað þar sem umsókn uppfyllir ekki kröfur gildandi deiliskipulags.

Í deiliskipulagsskilmálum fyrir svæðið kemur fram að á hverri lóð er einungis leyfilegt að byggja eitt sumarhús og allt að 40 m² aukahús við hvern bústað. Fyrir er á lóðinni 107 m² sumarhús mhl 01 ásamt 25 m² gestahúsi mhl 02.

7. Syðri-Brú (L169607); byggingarheimild; bílageymsla og geymsla - 2309054

Móttækin er umsókn 11.09.2023 um byggingarheimild fyrir 40 m² bílageymslu og 20 m² geymslu á sumarbústaðalandinu Syðri-Brú lóð (L169607) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Byggingin fellur undir umfangsflokk 1 skv. gr. 1.3.2 í byggingarreglugerð.

Byggingaráformin samrýmast gildandi skipulagsáætlun og eru samþykkt.

Byggingarheimild verður veitt þegar eftirfarandi skilyrði skv. byggingarreglugerð gr.2.3.8 eru uppfyllt:

- Undirritaðir aðaluppdrættir þurfa að vera staðfestir og áritaðir hjá leyfisveitanda.

- Byggingarstjóri þarf að staðfesta ábyrgð sína og afhenda staðfestingu á

starfsábyrgðartryggingu fyrir framkvæmdinni.

- Leyfisgjöld þurfa að vera greidd.

8. Snæfoksstaðir lóð (L169673); byggingarheimild; sumarbústaður-viðbygging - 2309075

Móttækin er umsókn 19.09.2023 um byggingarheimild, að flytja 55 m² timburhús frá Nesjavöllum og byggja 18,4 m² tengibyggingu við sumarbústað á sumarbústaðalandinu Snæfoksstaðir lóð (L169673) í Grímsnes- og Grafningshreppi. Heildarstærð eftir stækkun verður 127,1 m².

Byggingin fellur undir umfangsflokk 1 skv. gr. 1.3.2 í byggingarreglugerð.

Byggingaráformin samrýmast gildandi skipulagsáætlun og eru samþykkt.

Byggingarheimild verður veitt þegar eftirfarandi skilyrði skv. byggingarreglugerð gr.2.3.8 eru uppfyllt:

- Undirritaðir aðaluppdrættir þurfa að vera staðfestir og áritaðir hjá leyfisveitanda.

- Byggingarstjóri þarf að staðfesta ábyrgð sína og afhenda staðfestingu á

starfsábyrgðartryggingu fyrir framkvæmdinni.

- Leyfisgjöld þurfa að vera greidd.

9. Berjaás 4 (L210690); umsókn um byggingarheimild; sumarbústaður og gestahús - 2309033

Erindi sett að nýju fyrir fund. Fyrir liggur umsókn Jóns M. Halldórssonar fyrir hönd Heklaverk ehf., móttækin 06.09.2023 um byggingarheimild fyrir 100 m² sumarbústað og 40 m² gestahús á sumarbústaðalandinu Berjaás 4 (L210690) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Byggingin fellur undir umfangsflokk 1 skv. gr. 1.3.2 í byggingarreglugerð.

Byggingaráformin samrýmast gildandi skipulagsáætlun og eru samþykkt.

Byggingarheimild verður veitt þegar eftirfarandi skilyrði skv. byggingarreglugerð gr.2.3.8 eru uppfyllt:

- Undirritaðir aðaluppdrættir þurfa að vera staðfestir og áritaðir hjá leyfisveitanda.

- Byggingarstjóri þarf að staðfesta ábyrgð sína og afhenda staðfestingu á

starfsábyrgðartryggingu fyrir framkvæmdinni.

- Leyfisgjöld þurfa að vera greidd.

10. Selholt 24 (L205624); byggingarheimild; sumarbústaður og gestahús - 2309063

Erindi sett að nýju fyrir fund. Móttækin er umsókn 12.09.2023 um byggingarheimild fyrir 113,4 m² sumarbústað og 40,5 m² gestahús á sumarbústaðalandinu Selholt 4 (L205624) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Byggingin fellur undir umfangsflokk 1 skv. gr. 1.3.2 í byggingarreglugerð. Byggingaráformin samrýmast gildandi skipulagsáætlun og eru samþykkt. Byggingarheimild verður veitt þegar eftirfarandi skilyrði skv. byggingarreglugerð gr.2.3.8 eru uppfyllt:

- Undirritaðir aðaluppdrættir þurfa að vera staðfestir og áritaðir hjá leyfisveitanda.
- Byggingarstjóri þarf að staðfesta ábyrgð sína og afhenda staðfestingu á starfsábyrgðartryggingu fyrir framkvæmdinni.
- Leyfisgjöld þurfa að vera greidd.

11. Hallkelshólar lóð 46 (L168503); byggingarheimild; gestahús - 2309083

Móttækin er umsókn 20.09.2023 um byggingarheimild fyrir 39,4 m² gestahúsi á sumarbústaðalandinu Hallkelshólar lóð 46 (L168503) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Málinu er vísað í grenndarkynningu.

Ákvörðun byggingarfulltrúa byggir á heimild í 93. og 94. gr. sveitarstjórnarlaga 138/2011 um fullnaðarafgreiðslu mála og samþykkt fyrir byggðasamlagið Umhverfis og tæknisvið uppsveita bs. 35/2022 og samþykkt um stjórn og fundarskóp Grímsnes- og Grafningshrepps nr. 757/2013.

12. Hæðarendi lóð (L168828); byggingarheimild; sumarhús-stækkun - 2309095

Móttækin er umsókn 26.09.2023 um byggingarheimild fyrir 56,5 m² stækkun á sumarbústaðalandinu Hæðarenda lóð (L168828) í Grímsnes og Grafningshreppi. Heildarstærð á sumarbústaðnum eftir stækkun verður 104,5 m².

Vísað til skipulagsnefndar þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir.

13. Klausturhólar C-Gata 20 (176843); umsókn um byggingarleyfi; sumarhús - breyting, stækkun - 1811028

Erindi sett að nýju fyrir fund, móttækin ný aðalteikning 25.09.2023, breyting frá fyrri samþykkt. Sótt er um leyfi til að byggja 186,5 m² sumarbústað með rishæð að hluta á sumarbústaðalandinu Klausturhólar C-Gata 20 (L176843) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Byggingin fellur undir umfangsflokk 1 skv. gr. 1.3.2 í byggingarreglugerð. Byggingaráformin samrýmast gildandi skipulagsáætlun og eru samþykkt. Byggingarheimild verður veitt þegar eftirfarandi skilyrði skv. byggingarreglugerð gr.2.3.8 eru uppfyllt:

- Undirritaðir aðaluppdrættir þurfa að vera staðfestir og áritaðir hjá leyfisveitanda.
- Byggingarstjóri þarf að staðfesta ábyrgð sína og afhenda staðfestingu á starfsábyrgðartryggingu fyrir framkvæmdinni.
- Leyfisgjöld þurfa að vera greidd.

14. Hraunið 7 (L213061);byggingarheimild; geymsla - 2309098

Móttækin er umsókn 27.09.2023 um byggingarheimild fyrir 9,8 m² geymslu á sumarbústaðalandinu Hraunið 7 (L213061) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

*Byggingin fellur undir umfangsflokk 1 skv. gr. 1.3.2 í byggingarreglugerð.
Byggingaráformin samrýmast gildandi skipulagsáætlun og eru samþykkt.*

Skeiða- og Gnúpverjahreppur - Almenn mál

15. Hamragerði 9 (L203305); byggingarleyfi; íbúðarhús með kjallara - 2309061

Móttékin er umsókn 12.09.2023 um byggingarleyfi fyrir 242,9 m² íbúðarhús með kjallara á íbúðarhúsalóðinni Hamragerði 9 (L203305) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012.

Byggingarleyfi verður gefið út þegar eftirfarandi gögn skv. gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012 liggja fyrir.

- Undirritaðir aðaluppdrættir skulu vera staðfestir og áritaðir hjá leyfisveitanda.
- Byggingarstjóri skal staðfesta ábyrgð sína og afhenda staðfestingu á starfsábyrgðartryggingu fyrir framkvæmdinni.
- Ábyrgðaryfirlýsing iðnmeistara skal skilað inn.
- Hönnunarstjóri skal leggja fram yfirlit um innra eftirlit við framkvæmd hönnunar og yfirlit um ábyrgðarsvið einstakra hönnuða.
- Byggingarleyfisgjöld skulu vera greidd.

16. Áshildarvegur 7 (L230355); umsókn um byggingarleyfi; íbúðarhús með innbyggðum bílskúr - breyting, sólskáli - 2103081

Erindi sett að nýju fyrir fund, móttékin 15.06.2023 ný aðalteikning frá hönnuði, breyting frá fyrri samþykkt. Sótt um leyfi til að byggja 24 m² sólstofu við íbúðarhúsið með innbyggðum bílskúr á íbúðarhúsalóðinni Áshildarvegur 7 (L230355) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Heildarstærð á íbúðarhúsi eftir stækkun verður 234,5 m².

*Byggingin fellur undir umfangsflokk 1 skv. gr. 1.3.2 í byggingarreglugerð.
Byggingaráformin samrýmast gildandi skipulagsáætlun og eru samþykkt.*

17. Holtabraut 15 (L166453); byggingarheimild; bílskúr - 2309074

Móttékin er umsókn 19.09.2023 um byggingarheimild fyrir 61,7 m² bílskúr á íbúðarhúsalóðinni Holtabraut 15 (L166453) í Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

Byggingin fellur undir umfangsflokk 1 skv. gr. 1.3.2 í byggingarreglugerð.

Byggingaráformin samrýmast gildandi skipulagsáætlun og eru samþykkt.

Byggingarheimild verður veitt þegar eftirfarandi skilyrði skv. byggingarreglugerð gr.2.3.8 eru uppfyllt:

- Undirritaðir aðaluppdrættir þurfa að vera staðfestir og áritaðir hjá leyfisveitanda.
- Byggingarstjóri þarf að staðfesta ábyrgð sína og afhenda staðfestingu á starfsábyrgðartryggingu fyrir framkvæmdinni.
- Leyfisgjöld þurfa að vera greidd.

Bláskógabyggð - Almenn mál

18. Lindargata 8 (L201912); byggingarheimild; sumarhús og geymsla - 2309087

Móttækin er umsókn 23.09.2023 um byggingarheimild fyrir 130,2 m² sumarhúsi og 25,2 m² geymslu á sumarbústaðalandinu Lindargötu 8 (L201912) í Bláskógabyggð.

Vísað til skipulagsnefndar þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir.

Flóahreppur - Almenn mál

19. Rimar 12 (L212355); byggingarheimild; skemma - 2308071

Fyrir liggur umsókn Hrókur ehf., byggingaverktaki með umboð lóðarhafa, Ernu R. Pálsdóttur, móttækin 21.08.2023 um byggingarheimild fyrir 299,6 m² skemmu á íbúðarhúsalóðinni Rimar 12 (L212355) í Flóahrepp.

Afgreiðslu máls er frestað. Athugasemdir hafa verið sendar á hönnuð.

Flóahreppur - Umsagnir og vísanir

20. Skógsnes 2 (L229833); umsögn um rekstrarleyfi; gisting - 2309031

Móttækinn var tölvupóstur þann 06.09.2023 frá fulltrúa sýslumanns á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn um rekstrarleyfi í fl. II (H) frístundahús, rýmisnúmer 01 0101, 02 0101 og 03 0101 gistihús frá Atla Kristinssyni fyrir hönd Atli Verk ehf., kt. 650414 - 1360 á landinu Skógsnes 2 (F250 9486) í Flóahreppi.

Byggingarfulltrúi frestar afgreiðslu máls þar til breyting á skipulagi svæðisins hefur verið samþykkt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:00